Ed. **726. Breytingartillögur** [193. mál]

um frv. til l. um brunatryggingar utan Reykjavíkur.

Frá minni hl. allsherjarnefndar (HermJ og PZ).

1. Við 2. gr.
   a. Orðin „þar með talin hús í smíðum“ falli burt.
   b. Aftan við greinina bætist: Hús í smíðum skal einnig tryggja, og fer um tryggingarupphæð þeirra á hverjum tíma eftir samkomulagi milli eiganda og vátryggingarfélagsins.
2. Við 3. gr. Greinin orðist svo:

   Vátryggingarupphæð húsa, sem lög þessi ná til, annarra en húsa í smíðum, skal nema fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna. Bæjar- eða sveitarstjórn hver skal hafa eftirlit með virðingargerðum húsa í umdæmi sínu, og ber hún á hverjum tíma ábyrgð á, að vátryggingum sé haldið við og ný hús metin og vátryggð þegar eftir að byggingu þeirra er lokið eða þau tekin til íbúðar.

   Breyta skal árlega vátryggingarverði húsa til samræmis við vísitölu byggingarkostnaðar.